

## Víðidalstunga II: Fréttir október 2009 – veturinn er að nálgast

Þá eru stóðréttir að baki þetta árið. Kalt og leiðinlegt veður var á föstudeginum svo minna varð úr smala-  
menskum en til stóð, alla vega hjá þeim sem ekki höfðu skyldum að gegna í smöluninni.

Myndir: Ransý Ásgarði



Það var bara skemmtilegt því fullt af gestum komu við í morgunkaffi í Víðidalstungu II í stað þess að leggja á gæðingana eins og til stóð. Verra var það auðvitað fyrir stóðhrossin.

Réttin var þó á sínum stað á laugardeginum í fínu veðri og virtist engum hafa orðið meint af þessu föstudagshreti. Við heimtum öll trippin okkar og voru óvenju margir sem hjálpuðu til við að reka heim. Næstum einn rekstrarmaður á hvert trippi. Frábært bara og takk fyrir komuna og hjálpina.



Búið er að draga undan flestum reiðhestunum og búið að gefa ormalyf. Lítið verður því um að vera í hestamenskunni næstu vikurnar.

Birtum á næstu síðu auglýsingu sem við vorum með á dilknunum okkar í réttinni. Endilega hafa samband ef eitthvað vekur áhuga ykkar. Myndir af öllum trippunum má svo sjá í „Septemberfréttir“.



### Pia 5V055

Rauðblesótt, glófext. Fædd 2005.

Faðir: Picasso frá Sólheimum. Bróðir Parkers frá Sólheimum.

Móðir: Plata frá Víðidalstungu II. Dóttir Hrannars frá Kýrholti.

Meðalstór. Fer um á stórstígu brokki með góðum fótaborði.



### Jódís 6V962

Rauð. Fædd 2006.

Faðir: Prins frá Víðidalstungu II, undan Aski frá Kanastöðum.

Móðir: Hrund frá Hvammstanga.

Allur gangur laus.




### Myrkvi 7V056

Brúnn. Fæddur 2007.

Faðir: Kramsi frá Blesastöðum 1a. Móðir: Náttdröfn frá Hvammstanga.

Þessi ætti að verða góður töltari miðað við ættir og hvað móðirin hefur gefið.

Stór og fallegur undan 1v. hesti! Sýnir tölt og brokk.



### Spurning 7V058

Rauð. Fædd 2007.

Faðir: Gammur frá Steinnesi. Móðir: Elding frá Víðidalstungu II, undan Eldi frá Stóra Hofi.

Gammur hefur gefið fullt af góðum reiðhrossum.

Mjög stór og framfalleg, reist. Sýnir tölt og brokk.



### Rós 7V055

Rauð. Fædd 2007.

Faðir: Roði frá Múla. Móðir: Plata frá Víðidalstungu II.

Allir vita hvað Roði hefur gefið marga góða töltara!

Stór og mjög falleg, sýnir tölt og brokk.

**Seld**



### Skíma 8V056

Rauðstjörnött. Fædd 2008.

Faðir: Dalur frá Auðsholtshjáleigu. Móðir: Náttdröfn frá Hvammstanga.

Sýnir tölt og brokk.



### Birna 8V059

Bleik. Fædd 2008.

Faðir: Dalur frá Auðsholtshjáleigu. Móðir: Sök frá Hvammi.

Sýnir tölt og brokk.

Við erum líka með **tamda hesta** til sölu.

Til að **hafa samband** smelltu **hérna**, skrifaðu til postur(at)tunguhestar.de eða hringdu í 848 0003.